

## REGLUGERÐ

### um samræmt gagnfræðapróf.

#### 1. gr.

Allir nemendur, sem ganga undir gagnfræðapróf, skulu þreyta samræmt landspróf í eftirtöldum greinum: íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði. Prófin skulu miðast við að kanna ákveðinn kjarna hverrar námsgreinar. Þau skulu vera skrifleg og haldin samtímis um allt land.

Heimilt er þó, að hluti prófs sé munnlegur. Einnig er heimilt að fjölga eða fækka landsprófsgreinum frá því, er áður greinir.

#### 2. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar 8 manna prófnefnd auk formanns nefndarinnar til allt að þriggja ára í senn. Skal nefndin heita gagnfræðaprófsnefnd. Formannsstörf og framkvæmdastjórn fyrir nefndina annast starfsmaður menntamálaráðuneytisins eða fræðslumálaskrifstofu, skipaður af ráðuneytinu. Í prófnefndinni skulu vera 2 fulltrúar fyrir hverja námsgrein, vel kunnugir kennslu og námsefni í gagnfræðaskólum, og skal a.m.k. annar þeirra hafa lokið háskólaprófi í greininni.

Þóknun til prófnefndarmanna og annar sérkostnaður vegna prófsins greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, sem menntamálaráðuneytið samþykkir.

#### 3. gr.

Prófnefndarmenn hverrar námsgreinar annast samningu prófverkefna í sinni grein og setja reglur um framkvæmd prófsins. Fræðslumálaskrifstofan sendir prófgögn til skólastjóra og ákveður próftíma í samráði við gagnfræðaprófsnefnd. Skal öllu þann veg háttáð, að tryggt sé, að verkefni vitnist eigi fyrr en á prófdegi.

#### 4. gr.

Kennarar og prófdómendur fyrrnefndra námsgreina á gagnfræðaprófi skulu annast úrvinnslu og einkunnagjöf samkvæmt fyrirætlum prófnefndar. Einkunnir á hinu samræmda landsprófi skal færa sérstaklega í prófbók skólans og á gagnfræðaprófsskirteini. Auk þess er hverjum skóla heimilt að gefa sínar einkunnir í umræddum greinum og er þá í sjálfsvald sett, hver áhrif landspróf nemandans hefur á þá einkunnagjöf. Senda skal skýrslu um landsprófið til formanns nefndarinnar.

#### 5. gr.

Einkunnir skal gefa í tölum frá 0 til 10. Skal gefið í heilum tölum og hálfum. Heimilt er þó menntamálaráðuneytinu að ákveða aðrar reglur um einkunnagjöf, og skal tilkynnt um slíkar breytingar eigi síðar en 31. desember á því skólaári, sem breytingin tekur gildi. Eina einkunn skal gefa fyrir hverja námsgrein, nema í íslenzku tvær samkvæmt nánari ákvörðun prófnefndar.

Ekki telst nein einkunn vera falleinkunn á hinu samræmda prófi, og eigi skal heldur færa meðaleinkunn fyrir það próf.

#### 6. gr.

Prófnefnd skal kanna einkunnagjöf hvers skóla á hinum samræmdu prófum með athugun á úrtaki úrlausna. Ef misræmis eða frávik frá matsreglum nefndarinnar verður vart, skulu prófnefndarmenn gera skólastjóra og viðkomandi kennurum eða prófdómendum aðvart. Nefndin hefur heimild til að breyta einkunnum skólans, ef um verulegt misræmi er að ræða.

## 7. gr.

Fyrir upphaf hvers skólaárs, skal prófnefnd senda skólum drög að námsskrá í landsprófsgreinum gagnfræðaprófs. Skal þar gerð grein fyrir námsefni og helztu atriðum, er leggja ber áherzlu á í kennslunni, en auk þess skal lýst í stórum dráttum um kröfum næsta prófs og gerð þess.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48/1946 um gagnfræðanám, og öðlast hún gildi frá og með 1. ágúst 1970. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um samræmt gagnfræðapróf frá 22. janúar 1968.

*Í menntamálaráðuneytinu, 1. september 1970.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Runólfur Þórarinnsson.*

**REGLUGERÐ**  
**um landspróf miðskóla.**

## 1. gr.

Á miðskólaprófi í bóknámsdeild skal haldið landspróf í eftirtöldum greinum: íslenzku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, ensku, sögu, landafræði, náttúrufræði, eðlisfræði og stærðfræði. Menntamálaráðuneytið getur fækkað eða fjölgað landsprófsgreinum, ef fræðslumálastjóri og landsprófsnefnd mæla með því, og skal ráðuneytið þá setja sérstakar reglur um vægi umræddra greina í prófinu. Landspróf skal vera skriflegt að mestu leyti og haldið í lok hvers skólaárs, samtímis um land allt, samkvæmt nánari fyrirætlum fræðslumálastjóra og landsprófsnefndar.

## 2. gr.

Rétt til þess að halda landspróf miðskóla hafa miðskólar, gagnfræðaskólar og aðrir sambærilegir skólar, sem fá til þess leyfi ráðuneytisins.

## 3. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar 10 manna prófnefnd til allt að þriggja ára í senn. Skal prófnefndin heita landsprófsnefnd. Einn nefndarmanna hefur með höndum formannsstörf og framkvæmdastjórn fyrir nefndina. Aðrir nefndarmenn skulu vera sérfróðir um námsgreinar landsprófs miðskóla, tveir um íslenzku, en einn um hverja prófgrein aðra en íslenzku. Nefndarmenn skulu vera vel kunnugir kennslu í gagnfræðaskólum og námsefni því, sem krafizt er til prófsins.

Jafnframt fyrrgreindum aðalmönnum í landsprófsnefnd skipar menntamálaráðuneytið 9 varamenn í nefndina, einn fyrir hvern námsgreinarsérfræðing. Ráðuneytið getur og skipað ritara í landsprófsnefnd til aðstoðar við framkvæmdastjóra, ef nefndin mælir með því, og skal hann þá vera varamaður formanns.

Hverfi maður úr landsprófsnefnd, áður en starfstímabil hans er liðið, skal skipa annan í hans stað það sem eftir er tímabilsins.

Þóknun til aðalmanna, varamanna og ritara landsprófsnefndar, prentun og fjölritun verkefna, svo og annar kostnaður við störf landsprófsnefndar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, sem menntamálaráðuneytið samþykkir.